



Fréttabréf forseta

Ágætu formenn

Fyrir hönd landssambandsstjórnar óska ég ykkur öllum gleðilegs nýs árs. Ég vona að starfið í deildunum hafi verið ánægjulegt og fræðandi á haustönninni. Nú hefjum við nýtt ár af fullum krafti. Eflum tengslin milli félagskvenna og deilda og styrkjum okkur sem DKG konur.

Það gekk vel að innheimta félagsgjöldin og í dag eru 317 virkir félagar í samtökunum okkar. Félagskonum fer fjölgandi því verið

Styrkjum tengsl til framtíðar

Ég bið ykkur að senda til mín ársskýrslu formanns deilda. Henni á að skila fyrir 1.febrúar til landssambandsforseta. Eyðublöðin voru send til allra formanna frá alþjóðasamtökunum. Eyðublaðið má finna á heimasíðunni dkg.org undir Forms

Slóðin er: <https://www.dkg.org/content/chapter-president-annual-report-form-54>

er að taka inn nýjar konur í margar deildir. Það er ánægjulegt að vita til þess að öflugar konur úr öllum geirum fræðslustarfa eru að ganga til liðs við okkur. Það auðgar starfið okkar og gefur okkur nýja sýn.



Einnig þarf að senda formanni félaganefndar Elínborgu Sigurðardóttur (elinborg@skolasud.is) eyðublað nr. 2

Slóðin er: <https://www.dkg.org/content/chapter-necrology-annual-report-form-2>

Skýrslurnar eru unnar á íslensku. Síðan mun ég taka saman efni úr þeim í skýrslu forseta landssambandsins sem ég sendi til alþjóðasamtakanna.

Kynningarbæklingur

Verið er að endurprenta kynningarbæklinginn okkar og verður hann sendur til deildanna um leið og hann kemur úr prentun. Ég hvet ykkur til að afhenda bæklinginn öllum þeim sem vilja kynnast samtökunum

Alþjóðastarfið

Næsta alþjóðafélagshósti verður í Indianapolis 28.júlí—1.ágúst og nokkrar konur eru nú þegar búnar að panta sér flugfar. Það er kannski komið að þér að skella þér í hópinn og upplifa alþjóðafélagshósti með fjörugum DKG konum. Ég hvet ykkur til að kanna styrki í stéttarfélagunum ykkar. Á þessum þingum eru faglegir fyrirlestrar, fræðandi og skemmtilegir um fjölbreytt efni er tengist menntamálum. Svo er það stórkostleg upplifun að sitja með 2000 konum á þingi um menntamál og málefni DKG.

International scholarship. Umsóknir um alþjóðastyrki og upplýsingar um þá má finna á [netsíðu dkg.org](http://netsidu.dkg.org). Umsóknarfrestur rennur út 1. febrúar.

Með kveðju
Guðbjörg
forseti DKG

• Uppstillinganefndir þurfa að hefja störf sem fyrst og skila til landssambands nöfnum á nýjum formanni og gjaldkera eins fljótt og hægt er.

• Menntanefndin og Iotadeild eru byrjaðar að undirbúa vorþingið. Það verður 10.maí á Ísafirði og upplýsingar um gistingu er að finna á heimasíðunni okkar. Heyrst hefur af deildum sem ætla að fjölmenna og fara með rútu vestur. Hvað með þína deild? Menntanefndin er að setja saman dagskrá og verður hún birt eins fljótt og hægt er. Hún verður að vanda metnaðarfull og spennandi. Ég hvet ykkur til að hafa samband við formann menntanefndar Ingibjörgu Jóhannsdóttur (ingibjorg@myndlistaskolin.is) ef þið eruð með hugmyndir varðandi fyrirlestra eða annað efni inn á þingið.

• Gestur vorþingsins verður Marika Evrópuforseti (Maria Katharina Heimbach). Hún kemur frá Þýskalandi.

Gangi ykkur vel í deildastarfinu á vorönninni. Munið heimasíðuna og Facebook síðuna. Verum duglegar að mæta á fundi og jafnvel að heimsækja aðrar deildir því það styrkir tengsl til framtíðar.